

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 22. desember 1980

um breytingu, vegna aðildar Grikklands, á tilskipunum 76/893/EBE, 79/693/EBE og 80/777/EBE að því er varðar tilskilinn meirihluta atkvæða við málsmeðferð innan fastanefndarinnar um matvæli

(80/1276/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af aðildarlögunum frá 1979, einkum 146. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Vegna aðildar Grikklands er nauðsynlegt að breyta tilskildum meirihluta atkvæða við málsmeðferð innan fastanefndarinnar um matvæli, eins og mælt er fyrir um í tilskipunum 76/893/EBE ⁽¹⁾, 79/693/EBE ⁽²⁾ og 80/777/EBE ⁽³⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 kemur „45 atkvæða“ í stað „41 atkvæðis“ í:

- 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 76/893/EBE,
- 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 79/693/EBE og
- 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 80/777/EBE.

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 1980.

Fyrir hönd ráðsins,

J. SANTER

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 19.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 5.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 1.